

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1179****2021/EES/66/06****frá 6. ágúst 2020**

um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar stöðu Álandseyja í Finnlandi að því er varðar eftirlitsáætlun vegna veirublæðis, Eistlands að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlun vegna veirublæðis og iðradreps, Króatíu að því er varðar skjónakarpaherpesveiki og tiltekinna svæða í Bretlandi vegna sýkingar af völdum ostruveikisýkils

(tilkynnt með númeri C(2020) 5303) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 44. gr. (1. og 2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.), í tengslum við 131. gr. samningsins um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu ⁽²⁾.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB ⁽³⁾ er sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hól sem falla undir samþykktar eftirlits- eða útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB eða sem lýst hefur verið yfir að séu laus við þá.
- 2) Lögbært yfirvald í Finnlandi upplýsti framkvæmdastjórnina um að það hafi lokið öllum útrýmingarráðstöfunum samkvæmt yfirstandandi áætlun sinni vegna veirublæðis (VHS-veiki) á Álandseyjum og hafið eftirfylgjandi eftirlitsráðstafanir til að verða lýst sem sjúkdómslaust svæði. Þess vegna ætti að fella Álandseyjar brott úr B-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB og færa þær þess í stað á skrá í A-hluta sama viðauka sem svæði sem fellur undir samþykta eftirlitsáætlun.
- 3) Lögbært yfirvald í Eistlandi lagði eftirlits- og útrýmingaráætlun vegna veirublæðis (VHS-veiki) og iðradreps (IHN-veiki) fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar og óskaði eftir að svæðin sem falla undir þá áætlun yrðu færð á skrá í I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.
- 4) Færa ætti svæðið í Eistlandi sem fellur undir eftirlitsráðstafanir vegna veirublæðis (VHS-veiki) og iðradreps (IHN-veiki) á skrá í A-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB en færa ætti hól sem er sýkt af iðradrepi (IHN-veiki) og fellur undir útrýmingarráðstafanir vegna þess sjúkdóms á skrá í B-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.
- 5) Meginhluti yfirráðasvæðis Króatíu er skráð í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB sem lýst laust við skjónakarpaherpesveiki. Lögbært yfirvald í Króatíu upplýsti framkvæmdastjórnina um nokkrar uppkomur skjónakarpaherpesveiki innan landsvæðisins sem er sem stendur skráð og tilgreindi að afturkalla ætti þessa stöðu að vera laus við skjónakarpaherpesveiki. Af þessum sökum ætti að fella Króatíu brott úr þeirri skrá.
- 6) Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. samningsins um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu skulu lög Sambandsins gilda um Breska konungsríkið og í Breska konungsríkinu á aðlögunartímabilinu sem kveðið er á um í þessum samningi. Aðlögunartímabilinu lýkur 31. desember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(2) Stjtið. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7.

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu aðildarríkja, svæða og hólf (Stjtið. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15).

- 7) Lögbært yfirvald í Bretlandi upplýsti framkvæmdastjórnina um nokkrar uppkomur ostruveiki á sínu yfirráðasvæði, þ.m.t. á svæðum sem eru sem stendur skráð í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB sem lýst laus við þennan sjúkdóm, og tilgreindi að afturkalla ætti þá stöðu fyrir þessi svæði að vera laus við ostruveiki. Af þessum sökum ætti að fella þessi svæði brott af skránni.
- 8) Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað línanna fyrir veirublæði (VHS-veiki) og iðradrep (IHN-veiki) í A-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB kemur eftirfarandi:

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir eftirlitsáætlun (aðildarríki, svæði eða hólfi)
„Veirublæði (VHS-veiki)“	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Álandseyjar
Iðradrep (IHN-veiki)	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið að undanskildu hólfinu sem nær yfir fiskeldisstöðina Neli Elementi OÜ (samþykkisnúmer 05/VV/KK01)“

2. gr.

Ákvæðum B-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Færslan fyrir Finnland fellur brott úr línunni fyrir veirublæði (VHS-veiki).
- 2) Í stað línunnar fyrir iðradrep (IHN-veiki) kemur eftirfarandi:

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir útrýmingaráætlun (aðildarríki, svæði eða hólfi)
„Iðradrep (IHN-veiki)“	Eistland	EE	Hólfið sem nær yfir fiskeldisstöðina Neli Elementi OÜ (samþykkisnúmer 05/VV/KK01)“

3. gr.

Í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB fellur færslan fyrir Króatíu brott úr línunni fyrir skjónakarpaherpesveiki.

4. gr.

Í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB, í línunni „Sýking af völdum *Bonamia ostreae*“, er færslunni fyrir Bretland í dálkinum „Landfræðileg afmörkun sjúkdómalaus svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólfi)“, breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi undanþágu er bætt við sem 7. lið fyrir Stóra-Bretland: „Dornoch Firth, svæði þar sem sjávarfalla gætir vestan við línu sem dregin er frá NH808873 til NH835857 (Ordnance Survey Landranger 1:50 000) að meðalflóðmörkum,“.
- 2) Eftirfarandi undanþágu er bætt við sem 8. lið fyrir Stóra-Bretland: „Lynn of Lorn, Loch Creran og Loch Etive, hafsvæðið suðaustan við eyjuna Lismore, innan hrings með 7 258 m radíus frá punktinum NM873391 (Ordnance Survey Landranger 1:50 000) og að meðtöldu svæði þar sem sjávarfalla gætir í Loch Etive og Loch Creran að meðalflóðmörkum.“

- 3) Eftirfarandi texti fellur brott: „Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni þar sem sjávarfalla gætir og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílar frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið liggur í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund.“

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.
